

VIRKNI Á EFRI ÁRUM - OG SAMSTAÐA MILLI KYNSLÓÐA

Grand Hotel 14. mars 2012

Erindi séra Bernharðs Guðmundssonar

Ég fæddist í kreppunni milli stríða fyrir 75 árum . Fyrsta barn og barnabarn beggja fjölskyldnanna og var sannarlega borinn á höndum og umvafinn kærleika. Ég átti alla framtíðina fyrir mér en enga fortíð Svo kom síðari heimstýrjöldin og ég minnst hermanna með byssustingi á leikvellingum við Njálsgötu. Mönnum stóð ógn af hugsanlegum loftárásum þjóðverja. Þessvegna var hvatt til þess að foreldrar færu með börn sín upp í sveit ef mögulegt væri amk á sumrin. Mamma fór með okkur systkinin til afa, sem bjó í litlum þröngum dal, Valþjófsdal við Önuðarfjörð. Allmörgum árum áður hafði afa misst konu sína og tvær dætur sama árið úr berklum og Helgi einkasonurinn var líka berklaveikur og sendur suður með fiskibát til þess að liggja í gífsi í þrjú ár. Sumarið 1944 var fallett sumar í minningunni, við urðum lýðveldi, en það var lítið um hátíðahöld þarna í litla dalnum, því að Helgi dó um sumarið.

Er haustaði bjóst mamma til að fara suður með okkur Maddý, en afa spurði þá hvort ekki væri best að hann Benni litli nafni sinn yrði hjá sér um veturinn. Mamma skildi að þetta var leið afa til að fást við sorgina eftir sonarmissinn og ég varð eftir hjá honum og móðursystur minni sem stóð fyrir búi með honum.

Ég svaf fyrir framan afa og fylgdi honum allan daginn. Það var kalt í húsinu um veturinn, sjálfsagt illa einangrað og eini hitagjafinn var eldaveðlin sem brenndi taði sem við stungum út úr fjárhúsunum og mó sem var grafinn upp og þurrkaður, Eldhúsið var því eins og baðstofa, aðal íverustaðurinn. Við afa fórum snemma ofan, elduðum grautinn og átum eina kúlu af harðfiski. Svo fórum við út. Á bæjarhellunni stansaði afa tók ofan húfuna sem hann sífellt bar vegna kuldans, mér fannst alltaf jafn skrítið að sjá fölt ennið hans en niðurandlitið svo veðurbarið. Svo tók hann hönd mína í sína stóru hlýju hönd, við signdum okkur og lásam morgunbænina hans:

Nú er ég klæddur og kominn á ról,
Kristur Jesús veri mitt skjól,
í Guðsóttanum gef þú mer
að ganga í dag svo líki þér

Svo fórum við til gegninga, afa kenndi mér að mjólka, þekkja fjármörk og dreifa heyi á jötur, hann sagði mér líka sögur sem amma hans hafði sagt honum, hún var fædd 1819. Þannig að lífið á níttjáu öld er mér veruleiki. Og hvað er ég þá í rauninni gamall, nærri 200 ára? Hallgrímur sagði að sextugur maður væri ellikenndur. Hann dó reyndar sextugur. Tímamælingin er svo afstæð. Þau segja við mann í Afríku : Þið hafið klukkurnar, við höfum tímann!

Afa ræktaði með mér gildum kynslóðanna um aldir á Íslandi, að gera verkin sín vel, vera æðrulaus og kvarta ekki, standa við loford sín og sýna öllum virðingu, vera sáttur við Guð og menn. Hann miðlaði reynsluarfinum til mín. Þetta var dýrmæt mótun, það sé eg best núna er ég lít um öxl

Og nú er ég orðinn afa, meira að segja fyrir allöngu. Eldri afastrákurinn býr í Bandaríkunum. Ég skírði hann þar nafni okkar afa og það var djúpstæð reynsla, mér fannst eins og lífið væri boðhlaup og litli Bernharður Magnússon myndi brátt taka við keflinu af mér eins og ég hefði tekið við því af afa. Og þá var komið að mér að miðla honum reynsluarfinum sem ég hafði hlotið. Til allrar hamingju kemur hann nafni minn oft hingað heim. Hann var t.d. hjá okkur í allt fyrrasumar, æfði fótbolta daglega með Breiðablik og var í unglíngavinnunni, átti góða frændur og glaða vini.

Þegar ég keyrði hann út á flugvöll um haustið spurði ég hann: Hvað var nú skemmtilegast og best hjá þér nafni minn hér á Íslandi í sumar ?

Hann hugsaði sig svolítið og sagði: “Að spila manna við ykkur ömmu”

Í Manna er spilamennirnir þrír jafngildir, það ríkir kyrrð, kyrrlát gleði, það er annar taktur í afa og ömmuhúsi en í erli dagsins. Í Manna var þessvegna oft stoppað til að spjalla, bæði til að spyrja fréttu og segja sögur af lífinu í Usa og þegar amma og afa voru lítil. Okkur leið öllum vel með það Vonandi vorum við að miðla reynsluarfinum til nafna míns – og hann gaf okkur jafnframt innsýn í líf unglínga á 21. öld.

Þetta er kannske meginmálið, að það sé tvístefna í samskiptum þeirra eldri og yngri, gefa og þiggja. Að líta saman inn í fortíðina og vona saman inn í framtíðina.

Mesta gjöfin við það að eldast er að eignast frelsið sem því fylgir og eignast barnabörn sem maður elskar skilyrðislaust. Maður lítur þá gjarnan yfir líf sitt og spyr, ja, hvernig tókst mér, hvernig ávaxtaði ég mitt pund. Og þá koma barnabörnin inn í myndina. Þau staðfesta að þetta hafi nú bara gengið vel.

Manni verður nefnilega ljóst á efri árum að starfsframinn og fjáreignin eru aukaatriði í samanburði við líðan nærhópsins, það eru börnin og barnabörnin, fjölskyldan. Þar felst lífsfyllingin, lífshamingjan.

Ég hef engan heyrt segja á banasænginni: Ég vildi að ég hefði verið meira á skrifstofunni, heldur er oft sagt: ég vildi ég hefði verið meira með fjölskyldunni, ekki sist barnabörnunum

Foreldrarinn aga börnin og ala upp og bera alla ábyrgð. Hja ömmu og afa eiga þau alltaf skjól, eru svolítið dekrúð og njóta sín, enda kannske svolítið slegið af sumum uppeldisreglunum svo að lítið ber á, það finnst báðum aðilum gaman. Þau eiga vissuna að þau gömlu standa með þeim, eru alltaf til staðar. Við sjáum þetta best í minningarorðum í Morgunblaðinu, þegar barnabörn, jafnvel orðin nokkuð rosín, kveðja afa sinn og ömmu..

Mannlífið byggist upp af þremur kynslóðum, tímabilum. Undirbúningsárin, starfsárin, hvíldarárin og jafnvel umönnunarárin sem afleiðing af lengri ævialdri fólks. Lífslíkur kvenna hérlendis eru nú 82 ár, karla ögn styttri. Þetta er eins og þriggja hæða hús og við sjáum það greinilega á bóndabæjum í Sviss. Á neðstu hæðinni búa afi og amma, þá eru engir stigar að trufla mann og yngsta kynslóðin á greiðan aðgang að ömmu og afa til að fá huggun, koss á bágtið, heitt kókó litla sögu og allskonar umhyggju. Á miðhæðinni býr miðaldra fólkið, húsbændurnir, en á efstu hæðinni búa yngri hjónin eða unga uppkomna fólkið. Þegar elsta kynslóðin fellur frá, færast íbúar efri hæðanna niður.

Þarna eru raunveruleg fjölskylduhús þar sem gagnkvæmur stuðningur og tengsl eru auðveld, já þar sem framvinda lífsins á sinn eðlilega farveg.

Það væri frábært ef íslenskir arkitektar færu að teikna hús sem tækju mið að breytilegum þörfum fjölskyldnanna, þannig að ættliðirnir gætu verið undir sama þaki sem allra lengst.

Ég sagði áðan að þegar ég fæddist átti ég enga fortíð aðeins framtíð. Nú er ég stútfullur af fortíð og þar verður engu breytt en það er óvíst um framtíðina sem við þó mætum á grundvelli reynslu fortíðar og getum þessvegna hagað nokkru til. En vissulega er hún takmörkuð,

Minir vinir fara fjöld, feigðin þessa heimtar köld, ég fer líka kannske í kvöld..

Hver nýr dagur er eiginlega Bónus þegar komið er á minn aldur og mikið þakkarefni. Nú á að njóta hvers dags, Carpe Diem, en þú þiggur það eitt sem þú þakkar. Kenn oss að telja þ.e að meta daga vora, svo að vér megum öðlast viturt hjarta segir í Davíðssálmum

Og það er spurt um virkni eldra fólks. Áhuginn á lífinu, að lifa skapar virkni, það er liður í frelsi efri ára að maður getur valið virknina.

En hvað er það að vera virkur. Ég er ekki viss um að skilgreining okkar hinna eldri rími alveg við virknishugtak miðaldra fólksins. Þá á yfirleitt að drífa í hlutunum, fara þangað, vera þar sem fjörið er. Vissulega vilja mörg okkar drífa í hlutunum, vera virk – en á okkar eigin forsendum, í okkar eigin takti. Það er virkni að njóta kyrrðar, njóta útsýnis, horfa á Esjuna síbreytilega, njóta samveru við gamla vini og þó sérstaklega við fjölskylduna. Njóta lífsins, minninganna

Ég held að velflest eldra fólk sem býr við sémilega heilsu fagni því að eiga samband við yngri kynslóðirnar og móta samstöðu með þeim. Reyndar búa margir við þær aðstæður.

Það er nefnilega ekki svo yfirþyrmandi kynslóðabilið ef virðing og væntum þykja er til staðar. Við þurfum nefnilega á hvert öðru að halda, allar kynslóðirnar

Það þarf bara að byrja samtalið, hlusta á hvort annað, læra af reynslu hvers annars, þau ungu hafa mikið að kenna okkur í tæknilegum efnum og geta þannig auðveldað okkur lífið stórlega og við höfum miklum reynsluarfi að miðla, sem þau geta gert að sínum að einhverju leyti

Það eru nú aðeins nokkrir áratugir á milli okkar, smámunir undir sjónarhorni eilífðarinnar! Og eitt þjóðskáldið Steingrímur Thorsteinssonbenti á að Elli þú ert ekki þung Andá Guði kærur Fögur sál er ávalt ung undir silfurhærum.

Og lífið hefur kennt mér fyrir löngu að það er satt sem skáldið Tómas sagði : að hjörtum mannanna svipar saman í Sudan og Grímsnesinu. Og þessvegna er svo undur gott að vera saman, við, manneskjur á öllum aldri og standa saman.